

## Verkefni fyrir framhaldsskóla

---

### Velkomin á Endurfundi!

Lesið upphafstexta sýningarinnar, *Hugarheimurinn* eftir Pétur Gunnarsson.

Hvað er ólíkt með hugarheimi miðaldamanna og okkar sem nú lifum? Nefnið eitt atriði.

---

### Reykholt

Nú skuluð þið skoða skjásýninguna um kirkjurnar. Hver er helsta breytingin á kirkjum frá einum tíma til annars?

---

### Hólar

Á Hólum fannst mikið af gripum. Skoðið gripina í skápunum. Hér er mikið af brotum og bútum úr ýmsum efnum. Hvaða efni eru þetta? Nefnið 6 dæmi.

1 \_\_\_\_\_ 2 \_\_\_\_\_ 3 \_\_\_\_\_ 4 \_\_\_\_\_ 5 \_\_\_\_\_ 6 \_\_\_\_\_

Teljið upp 6 hluti sem brotin og bútarnir koma úr:

1 \_\_\_\_\_ 2 \_\_\_\_\_ 3 \_\_\_\_\_ 4 \_\_\_\_\_ 5 \_\_\_\_\_ 6 \_\_\_\_\_

### Gásir

Skoðið allt um Gása/ir, líka barnaefnið og líkanið. Hvers konar staður var þar? Þjuggu margir þar?

---

---

### Skálholt

Nú skuluð þið skoða vel gripina í vestari skápnunum við Skálholt.

Hvað sýnist ykkur fólkið þar helst hafa haft fyrir stafni?

---

Hver var aðalfæða skólapilta í Skálholti. Nefnið þrennt.

---

## Kirkjubæjarklaustur

Gler var ákaflega dýrmætt á miðöldum.

Í gömlum bókum stendur að klaustrið á Kirkjubæ hafi átt mikið af því.

Aðeins eitt glerbrot fannst. Teiknið mynd af því hér fyrir neðan í réttri stærð, útlínur og skraut.

## Skriðuklaustur

Ef þið skoðið alla gripina í skápunum tveimur, sjáið þið að þeir eru til ýmissa nota.

Hvaða hlutir voru notaðir:

Við leiki \_\_\_\_\_

Í trúarlegum tilgangi \_\_\_\_\_

Í hífýlum \_\_\_\_\_

Við lækningar \_\_\_\_\_

Til skattheimtu \_\_\_\_\_

## Keldudalur

Skoðið hillurnar tvær í skápnunum. Það er mikill munur á gripunum í þeim.

Útskýrið þennan mun.

---

---

---

Á hvaða aldri var fólkið sem beinin eru af í veggskápnunum við Keldudal?

---



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS  
*National Museum of Iceland*